

Fundur nr. 6

Fundur hjá skólaráði Stóru-Vogaskóla haldinn fimmtudaginn 28. apríl 2011 í Stóru-Vogaskóla kl. 15:00.

Mættir: Svava Bogadóttir (skólastjóri), Þorvaldur Örn Árnason og Hilmar Egill Sveinbjörnsson (fulltrúar kennara), Þórdís Símonardóttir (fulltrúi starfsmanna) og Ingbór Guðmundsson (fulltrúi foreldra).

1. PISA-könnun frá 2009

Svava kynnti niðurstöður PISA-könnunar 2009. Námsmatsstofnun býðst til að kynna niðurstöður fyrir skólasamfélaginu í Vogum, kennurum og starfsfólki Stóru-Vogaskóla, fræðslunefnd, skólaráði, foreldrafélagi Stóru-Vogaskóla og fleirum er hefðu áhuga.

2. Skóladagatal 2011-2012

Skóladagatal næsta skólaárs kynnt og rætt. Hugmyndir komu fram um færslu á starfsdegi 4. júní til 20. apríl. Annars voru allir sáttir við þessi fyrstu drög skóladagatals næsta skólaárs.

3. Styrkir sem skólinn hefur fengið

Skólanum hefur hlotnast styrkur til að vinna með ADHD-börn. Þeim hefur nú þegar verið búið aðstaða í Riddaragarði og heldur sú vinna áfram. Verkefnið lofar góðu. Hugmynd er uppi um að halda námskeið (ART) fyrir starfsfólk skólans og foreldra til að upplýsa um ýmislegt er varðar ADHD.

4. Skipulag skólastarfs næsta vetur og sparnaðarleiðir

Svava kynnti sparnaðarleiðir á næsta skólaári sem eðlilega gætu leitt til minni þjónustu.

5. Vorsýning 2. júní – fyrirkomulag

Svava kynnti hugmyndir að skipulagi varðandi vorsýningu á vetrarvinnu nemenda. Vorsýningin verður á skólaslitum, 2. júní. Á sýningunni munu verkefni og vinnubækur nemenda vera til sýnis, bæði sameiginleg og einstaklingsverkefni eins og textílverkefni (t.d. tískusýning á sal), smíðaverkefni, tilraunir og sýning á vinnu í náttúrufræði og annað í þeim dúr. Á sama tíma er hægt að bjóða uppá fjáraflanir fyrir bekki með t.d. kaffisölu. Undirbúningur fyrir sýninguna sjálfa fer að mestu fram deginum áður eftir kennslu (starfsfólk, nemendur, foreldrar).

6. Önnur mál

Engin tekin fyrir.

Fundi slitið kl. 16:00